

Skólaráðsfundur 28. janúar 2016

Mættir:

Anna Kristín, Eva Brá, Freyja, Helga Kristín, Kristín, Ólafía Dögg, Róbert, Þórunn og Þrúður.

1. Skóladagatal 2016-17 til fyrstu umræðu. Lögð fyrir könnun til foreldra og grunnskólabarna í Mosfellsbæ. Svörun góð hjá foreldrum í Krikaskóla. Þrúður mun senda foreldrum í skólaráði, skóladagatalið til umsagnar á vinnuferlinu.
2. Fatasvæði 6-9 ára barna. Þrúður fram hugmynd að breytingu á fatasvæði eldri barna. Skólastjórnendur hafa óskað eftir því að þessi úrlausn verði sett í forgang.
3. Innritun barna fædd 2014 rædd og farið yfir stöðu mála. Ljóst er að ekki geti allir fengið pláss í Krikaskóla sem óska eftir því, en tekið verður á móti öllum eftir fremsta megni.
4. Skólinn hefur samið við Skólapúlsinn um kannanir fyrir skólaárið 2016. Gerðar verða kannanir í febrúar meðal foreldra 6-9 ára barna og starfsmannakönnun leikskóla í febrúar einnig. Í mars verður lögð fyrir könnun meðal foreldra 2-5 ára barna og starfsmannakönnun grunnskóla.
5. Fyrirspurn barst frá Róberti um öryggismál og áætlanir Mosfellsbæjar varðandi umferðaröryggi og gönguleiðir. Þrúður hefur fengið eintak áætlunar sent til umsagnar. Hún verður svo lögð fyrir skipulagsnefnd og fer eftir það í kynningu/birtingu.
6. Þrúður sagði frá stjórn Nemendafélags Krikaskóla og störfum. Aðalmenn í stjórn eru Eyþór Einarsson (6ára) Patrekur Logi Vignisson (7ára) Lovísa Guðrún Sigurðardóttir (8ára) og Hrafnhildur Tinna Elvarsdóttir (9ára). Varamenn eru Emma Karen Helgadóttir (6ára) Óðinn Már Guðmundsson (7ára) Sigmundur Karl Kristjánsson (8 ára) og Júlíana Björt Hjaltested (9 ára).
7. Þrúður lagði fram bréf frá Menntamálaráðuneytinu sem stílað var á Skólaráð og varðar umbótaáætlun Krikaskóla í framhaldi af úttekt Attendus skólaárið 2014-15.
8. Umræða var um þrif og samskipti við þjónustuaðila Hreint. Ábending um að mikið vanti að skóhlífar séu aðgengilegar í forstofum fyrir foreldra. Þrúður kemur þeirri ábendingu áleiðis.